



Fréttabréf

Verkalýðsfélags Akraness

Desember 2007

Netföng: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is • Heimasíða: www.vlfa.is

Kröfugerð Starfsgreinasambandsins

Lágmarkslaun verði 165.000 krónur í samningslok

Gengið var frá öllum meginatriðum kröfugerðar Starfsgreinasambandsins gagnvart SA á formannafundi þann 22. nóvember sl. Eining var um kröfugerðina meðal formanna félaganna og var kröfugerðin samþykkt samhljóða. Viðræðunefnd SGS lagði síðan fram kröfur sínar á fundi með Samtökum atvinnulífsins þann 28. nóvember.

Í kröfugerðinni er gert ráð fyrir að laun hækki almennt um 4% þann 1. janúar n.k. og svo aftur um 4% 1. janúar 2009. Þá er þess krafist að allir launataxtar SGS hækki þann 1. janúar n.k. um kr. 20.000 og aftur um kr. 15.000 1. janúar 2009. Lagt er til að lágmarks tekjutrygging í dagvinnu hækki úr kr. 125.000 í kr. 150.000 þann 1. janúar nk. og verði kr. 165.000 1. janúar 2009.

Þá segir í kröfugerð SGS að sérstaklega verði hugað að þeim sem setið hafa eftir í launaþróun frá endurskoðun kjarasamninga 2006 og einnig er gert ráð fyrir aðkomu ríkisvaldsins að kjarasamningunum með aðgerðum í velferðar- og skattamálum í þágu þeirra sem hafa lág- eða miðlungslaun.

Samkvæmt kröfugerðinni er gert ráð fyrir að samið verði til tveggja ára með skýrum forsenduákvæðum, þannig að mögulegt verði að segja upp launaliðum samningsins eftir eitt ár.



Úr ferð Verkalýðsfélags Akraness með eldri borgurum í ágúst sl.

Ekki svigrúm til að gefa eftir

Formaður Verkalýðsfélags Akraness hefur bæði sagt það í viðræðunefndinni og á formannafundi SGS að þessi kröfugerð sé með þeim hætti að ekki sé hægt að gefa neitt eftir af þeim kröfum sem lagðar hafa verið fram.

„Það er sannfæring mín að ekki sé svigrúm til að gefa eftir af þeirri kröfugerð sem sambandið lagði fram og því mun félagið standa fast á þeim kröfum er lúta að

launaliðum kröfugerðarinnar. Það verður að lagfæra lágmarkslaunin þannig að þau dugi til framfærslu og séu ekki íslensku samfélagi til skammar,“ segir Vilhjálmur Birgisson.

Samningaviðræður um kaupliði kjarasamningsins og almennar launabreytingar, sem og viðræður um einstaka efnispætti samningsins sem óskað er breytinga á, hófust þann 30. nóvember.



Verkalýðsfélag Akraness
óskar öllum félagsmönnum og öðrum bæjarbúum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

www.vlfa.is



Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Hún er opin alla virka daga frá kl. 9:00-16:00. Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálmm Birgisson, í síma 865 1294.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson, formaður
vilhjalmur@vlfa.is

Björg Bjarnadóttir
skrifstofufulltrúi
bjorg@vlfa.is

Auður Finnbogadóttir
skrifstofufulltrúi
auður@vlfa.is



Nr. 6 | 3. árgangur | 10. desember 2007

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness
Sími: 430 9900 Fax: 430 9901
Netf.: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is
Heimasíða: www.vlfa.is
Ábm.: Vilhjálmmur Birgisson
Hönnun: Aðalsteinn S. Sigfússon
Umsjón texta: Kristján Kristjánsson
Umbrot: Uppheimar
Prentun: Prentmet Vesturlands

www.vlfa.is



Ávarp formanns

Kæru félagar.

Nú er einungis tæpur mánuður þar til kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði renna út og viðræður við Samtök atvinnulífsins eru að komast á fullt skrið. Eins og fram kemur á forsiðu blaðsins þá verður aðaláhersla lögð á að hækka lágmarkstaxtana í komandi kjarasamningum og það verði gert með krónutöluhækkun en ekki prósentuhækkun, enda kemur slík hækkun sér mun betur fyrir okkar fólk. Þeir lágmarkstaxtar sem eru í gildi í dag eru íslensku samfélagi til skammar enda duga þeir ekki fyrir lágmarksframfærslu og við í verkalýðshreyfingunni getum á engan hátt skotið okkur undan þeirri ábyrgð.

Lágmarkslaunin eru í dag eins og flestir vita einungis 125.000 kr. Krafa aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands er skýr í komandi kjarasamningum, það er að lágmarkslaunin verði orðin 165.000 krónur í lok samningsins, en samið verði til tveggja ára.

Í komandi samningum þarf að laga kjör vissra hópa innan okkar raða sérstaklega og nægir að nefna fiskvinnslufólk í því sambandi. Það getur ekki verið eðlilegt að fiskvinnslufólk með þrjátíu ára starfsreynslu sé einungis með 40 krónur meira á tímann en 18 ára unglíngur sem er að stíga sín fyrstu spor á vinnumarkaði. Á þessu verður að taka í komandi kjarasamningum.

Það er hins vegar með öllu óþolandi að í hvert sinn sem kemur að því að semja um kjör verkafólks á hinum almenna vinnumarkaði skuli heyrast varnaðarorð úr öllum áttum. Varnaðarorð sem byggjast á því að nú skuli stigið varlega til jarðar í launahækkunum, ellegar sé stöðugleiki íslensks efnahagslífs í hættu. Í þeim anda var grátbroslegt viðtal við forstöðumann greiningardeildar Kaupþings ekki alls fyrir löngu. Í viðtalinu varar forstöðumaðurinn eindregið við of miklum launahækkunum og segir slíkt ávisun á mikla verðbólgu. Ekki er vitað til þess að greiningardeild Kaupþings hafi séð ástæðu til að vara við hækkunum til æðstu stjórnenda bankans, launahækkunar sem telja ekki í

þúsundum króna heldur milljónatugum milli ára. Þess má geta að yfirmaður bankans hafði á síðasta ári um 65 milljónir á mánuði í tekjur samkvæmt tekjublaði Frjálsrar verslunar eða sem samsvarar launum 520 verkamanna. Svo tala menn um hófstílltar launahækkunar til handa almennu verkafólki. Nei, nú er komið að öðrum en íslensku verkafólki að viðhalda hér stöðugleika.

Það er mat mitt að sú kröfugerð sem aðildarfélag Starfsgreinasambandsins hafa lagt fram til Samtaka atvinnulífsins sé hófstíllt, kannski of hófstíllt. Að mati stjórnar Verkalýðsfélags Akraness er ekki hægt að veita neinn afslátt af þeim kröfum sem lagðar hafa verið fram, allavega ekki er lýtur að hækkunum á launaliðum. En til að árangur náist í komandi kjarasamningum verða öll félög innan SGS að standa þétt saman. Ef samstaða mun ekki ríkja verður árangurinn eftir því.

Á næsta ári munu enn fleiri kjarasamningar sem félagið á aðild að renna út og nægir að nefna kjarasamninga hjá ófaglærðum sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum. Laun skólaliða, starfsfólks íþróttamannvirkja, leikskóla og í hinum ýmsu umönnunarstörfum eru því miður skammarlega lág og þau þarf að lagfæra stórlega í næstu samningum. Það er ekki að ástæðulausu sem erfiðlega hefur gengið að manna áður nefnd störf og víða ríkir ófremdarastand vegna manneklu.

Einnig verða flestir kjarasamningar á Grundatangasvæðinu lausir á næsta ári og þar þarf einnig að taka til hendinni hvað varðar launakjör enda hafa starfsmenn stóriðjunnar setið eftir í því mikla launaskriði sem verið hefur á liðnum árum.

Að lokum ber þess að geta að í komandi kjarasamningum mun verkalýðshreyfingin krefja ríkisvaldið þess að það beiti fyrirhuguðum skattalækkunum til þeirra sem eru með lægstu tekjurnar og einnig verður krafist hækkunar á barna- og vaxtabótum.

Ég óska félögum okkar gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýju ári.

Vilhjálmur Birgisson

Launahækkanir hjá sveitarfélögum Kalla á viðbrögð

Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA hefur óskað eftir fundi með bæjarráði Akraness vegna þeirra launahækkana sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa verið að tilkynna sínum starfsmönnum á undanförunum dögum.

„Það er gríðarlega ánægjulegt að sjá að forystumenn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafi áttað sig á mikilvægi þeirra starfa sem ófaglærðir eru að inna af hendi í leikskólum, grunnskólum, sem og í öðrum umönnunarstörfum,“ segir Vilhjálmur. „Bæjarstjórnin í Kópavogi tilkynnti t.d. um mánaðarlegar eingreiðslur frá 6.000 krónum upp í 16.000 fyrir starfsmenn á leikskólum og grunnskólum og munu þessar greiðslur gilda frá 1. desember. Einnig hafa bæjar- yfirvöld í Reykjavík og Hafnarfirði tilkynnt um álíkar hækkanir til handa sínum starfsmönnum. Þessar hækkanir koma þrátt fyrir að kjarasamningar við sveitarfélögin séu ekki lausir fyrr en í maí á næsta ári og því ber að fagna þessum hækkunum sérstaklega.“

Vilhjálmur segir að því miður nái þessar lagfæringar á launum ófaglærðra einungis til starfsmanna sveitarfélaga á



Umönnunarstörf verða aldrei ofmetin.

Ljós. Friðbjófur Helgason.

Stór-Reykjavíkursvæðinu en ekki til bæjarstarfsmanna á landsbyggðinni en hann ítrekar að hann fagni þessum hækkunum sveitarfélaganna innilega, sérstaklega í ljósi þess að lægstu laun í Hafnarfjarðarbæ eftir þessa hækkun þar verði 156.000 kr.

„Ég hef óskað eftir fundi með bæjarráði til að kanna hvort ekki standi til að koma með álíka greiðslur til handa starfsmönnum bæjarins í íþróttamiðstöðum, leikskól-

um, grunnskólum og annarra í umönnunarstörfum hér á Akranesi. Það er ekki hægt fyrir starfsmenn Akraneskaupstaðar að una því að launakjör á höfuðborgarsvæðinu séu með allt öðrum hætti fyrir nákvæmlega sambærileg störf. Þessar hækkanir sveitarfélaganna gefa tilefni til bjartsýni vegna komandi kjarasamninga á hinum almenna vinnu- markaði sem verða lausir um áramótin,“ segir Vilhjálmur Birgisson.

Óskum félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness gleðilegra jóla og farsæls nýs árs

HÁRHÚS KÖTLU | Stillholti 14 | Sími 431 3320

FANG | Grundartanga | Sími 432 0341

VIGNIR G. JÓNSSON HF | Smiðjuvöllum 4 | Sími 431 5000

MODEL | Stillholti 18 | Sími 431 3333

VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA AKRANESS | Stillholti 23 | Sími 431 3099

HARÐARBAKARÍ | Kirkjubraut 54 | Sími 431 2399

TRÉSMIÐJA ÞRÁINS E. GÍSLASSONAR | Hafnarbraut 8 | Sími 430 3660

SMURSTÖÐ AKRANESS | Smiðjuvöllum 2 | Sími 431 2445

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ | Dalbraut 6 | Sími 431 1500

www.vlfa.is



Vefur VLFA Virkur upplýsingamiðill sem höfðar til félagsmanna

Vefurinn birtir fréttir af samningsviðræðum og öðrum viðfangsefnum stjórnar og ýmissa nefnda á vegum félagsins og eru upplýsingar uppfærðar um leið og staðan breytist. Hægt er að senda inn fyrirspurnir á vefinn og er þeim svarað greiðlega á netfang spyrjenda. Á vefnum er að finna allar þær upplýsingar sem félagsmenn þurfa á að halda.

www.vlfa.is

Réttindi sjóðfélaga aukin um 4% Ný tegund sjóðfélagalána

Aukin réttindi

Vegna góðrar afkomu sjóðsins á árinu 2006 þar sem nafnávöxtun var 18,8% sem jafngildir 11,3% raunávöxtun, lagði stjórn sjóðsins til á aðalfundi þann 26. apríl s.l. að áunnin réttindi sjóðfélaga yrðu aukin um 4% frá og með 1. janúar 2007. Var það samþykkt.

Séreignardeild

Sjóðfélögum býðst að ávaxta frjálsan séreignarsparnað sinn hjá sjóðnum. Sjóðurinn rekur tvær sparnaðarleiðir, með mismunandi áhættu verðbréfa. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sjóðsins, www.festa.is. Óhætt er að hvetja alla til að taka þátt í séreignarsparnaði. Allt að 4% viðbótariðgjald af launum sem lagt er í séreignarsparnað er ekki skattlagt við innborgun og að auki fá launþegar 2% móttframlag frá launagreiðanda. Inneign í lífeyrissjóði er ekki framtalsskyld og hefur því ekki áhrif til lækkunar vaxtabóta eða barnabóta. Inneign í séreignasjóði er sjálfstæð eign sjóðfélagsins og er varin gegn skuldheimtumönnum þannig að ekki er hægt að ganga að henni þótt viðkomandi lendi í fjárhagserfiðleikum eða gjaldþroti. Hagur af því að greiða í séreignasjóð er ótvíræður.

Sjóðfélagalán – hagstæð lán án uppgreiðslugjalds

Hluti af starfsemi Festu lífeyrissjóðs eru

lánveitingar til sjóðfélaga. Lánareglur sjóðsins eru kynntar á heimasíðu sjóðsins www.festa.is. Frá og með 1. október 2007 býðst sjóðfélögum að taka nýja tegund sjóðfélagalána sem er lán með jöfnum greiðslum s.k. jafngreiðslulán (annuitetslán). Lán með jöfnum afborgunum stendur sjóðfélögum að sjálfsgöðu enn til boða. Settur hefur verið inn á heimasíðu sjóðsins lánareiknir þar sem sjóðfélagar geta reiknað út greiðslubyrði lána m.v. mismunandi lánategundir auk þess sem gerð er grein fyrir kostum og göllum mismunandi lánategunda. Vextir sjóðfélagalána eru nú 5.55%. Vert er að vekja athygli sjóðfélaga á því að sjóðfélagalán Festu lífeyrissjóðs er hagstæður lánakostur. Einnig er rétt að vekja athygli á því að ekkert uppgreiðslugjald er á lánnum sjóðsins.

Nánari upplýsingar

Festa lífeyrissjóður starfrækir þrjár skrifstofur: Að Kirkjubraut 40 á Akranesi, Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ og Austurvegi 38 á Selfossi. Símanúmer sameinaðs sjóðs er 420-2100.

Sjóðfélagar eru hvattir til að kynna sér heimasíðu Festu lífeyrissjóðs, www.festa.is þar sem finna má allar nánari upplýsingar um skipulag og starfsemi sjóðsins.

Starfsfólk og stjórn Festu lífeyrissjóðs óskar sjóðfélögum öllum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Desemberuppbót – færð þú það sem þér ber?

Verkalýðsfélag Akraness hvetur sína félagsmenn til að fylgjast vel með hvort desemberuppbót sé rétt greidd. Endilega hafið samband við skrifstofu félagsins og fáið upplýsingar séu þið ekki viss hver réttur ykkar er.

Almenni markaðurinn: 41.800 kr.
Samiðn: 41.800 kr.
Ríkissamningurinn: 41.800 kr.
Akraneskaupstaður: 61.520 kr.
Norðurál: 103.241 kr.
Íslenska járnblendio: 103.241 kr.

Klafi: 103.241 kr.
Fang: 103.241 kr.
Sementsverksmiðjan: 82.871 kr.

Rétt er að vekja athygli á eftirfarandi: Starfsfólk með skemmri starfstíma skal fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma sinn. Þá á starfsmaður sem lætur af starfi á árinu vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfelld starf hjá sama vinnuveitanda á árinu rétt á að fá, við starfslok, greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu.




*Óskum félagsmönnum
Verkalýðsfélags Akraness
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs*



**Sjúkrasjóður
Verkalýðsfélags Akraness**

sendir félagsmönnum jólakveðju
og óskar þeim velfarnaðar
á komandi ári



Mikilvægir bæklingar

Verkalýðshreyfingin, í samvinnu við Samtök atvinnulífsins, hefur gefið út bækling á pólsku og ensku sem inniheldur útdrátt úr kjarasamningum þar sem fjallað er um helstu atriði samningsins, m.a. ráðningarsamninga, veikindarétt, orlof, launaseöla, dagvinnulaun og uppsagnafrest. Hægt er að fá eintak af bæklingnum á skrifstofu félagsins.

Úthlutanir úr styrktarsjóði

Í árslok 2005 gerði Verkalýðsfélag Akraness samning við Landsbankann á Akranesi um öll bankaviðskipti félagsins. Í einu ákvæði samningsins er kveðið á um að Landsbankinn greiði félaginu kr. 500.000 í sérstakan sjóð sem nota á til að styrkja góðgerðarmál á félagssvæði Verkalýðsfélags Akraness. Á þessum fyrstu tveimur árum styrktarsjóðsins hafa samtök og félag notið góðs af greiðslum úr honum.

Styrki hafa hlotið á þessu ári:

- Styrktar- og líknarsjóður Akraneskirkju kr. 100.000
- Þjörgunarfélag Akraness, unglingsstarf kr. 100.000
- Mæðrastyrksnefnd kr. 100.000
- Skátafélag Akraness kr. 100.000
- Sambýlið Laugarbraut og Sambýlið Vesturgötu kr. 50.000 hvort



Hluti starfsmanna Smellinn á fundinum í lok október.

Kynningarfundur hjá Smellinn

Hjá Smellinn starfa um 90 manns og er um helmingur þeirra af erlendum uppruna. Flestir eru frá Póllandi og Litháen. Á kynningarfundum sem haldin var að frumkvæði Verkalýðsfélags Akraness á vinnustaðnum var pólskur túlkur frá Alþjóðahúsi fundarmönnum til halds og trausts.

Á fundinum, sem var haldinn í náinni samvinnu við starfsmannastjóra Smellinn fór Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA, yfir hin ýmsu réttindamál og skyldur á íslenskum vinnumarkaði. Innlendir sem erlendir félagsmenn voru fræddir um þá þjónustu og réttindi sem þeir öðlast hjá Verkalýðsfélagi Akraness. Sérstaklega var rætt um mikilvægi þess að hafa trúnaðarmann á vinnustaðnum en nýverið lét trúnaðarmaður félagsins af störfum hjá Smellinn og var ákveðið á fundinum að kjósa nýja trúnaðarmann sem fyrst. Í ljósi þess hversu margir erlendir starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu var mælt til þess að annar trúnaðarmaðurinn yrði af erlendu bergi brotinn.

Mörg fyrirtæki reyna að hlunfara erlenda starfsmenn sem hingað koma

til starfa og upplýsti formaðurinn að VLFA hefði innheimt um 6 milljónir vegna félagslegra undirboða á erlendum félagsmönnum. Formaðurinn hvatti erlendu starfsmennina til að láta félagið vita ef þeir vissu til þess að verið væri að brjóta á samlöndum þeirra í starfi.

Ánægja með stefnu fyrirtækisins

Formaður VLFA lýsti yfir ánægju með þá stefnu sem Smellinn hefur fylgt á undanförunum árum en fyrirtækið leggur áherslu á að vera í góðu samstarfi við stéttarfélagið og vilji í hvívetna fara eftir þeim leikreglum sem í gildi eru á íslenskum vinnumarkaði.

Það er alveg óhætt að fullyrða að fundurinn heppnaðist mjög vel í alla staði. Mörg fyrirtæki hér á landi mættu taka starfsmannastefnu Smellinn sér til fyrirmyndar því það er afar jákvætt þegar fyrirtæki óska eftir því við stéttarfélag á sínu svæði að það upplýsi starfsmenn um réttindi og skyldur á íslenskum vinnumarkaði – og það í vinnutíma.

Rýnt í gögmin.



*Óskum félagsmönnum
Verkalýðsfélags Akraness
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs*



Akraneskaupstaður

smellinn

FORSTEYPTAR EININGAR



HB GRANDI

NA NORÐURÁL
Century ALUMINUM



SPARISJÓÐURINN
Akranesi

HÍBÝLAMÁLUN
GARÐARS JÓNSSONAR EHF
Símar: 431 2646 • 431 4056 • 896 2356



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

FESTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

GALITO
RESTAURANT - BAR



GT Tækni - Grundartanga

Tvö skáld af Skaganum



Ari Jóhannesson **Öskudagar**

Þessi fyrsta ljóðabók Ara Jóhannesson-
ar hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar
Guðmundssonar 2007.

„Mögnuð sýn, mergjað skáldmál, full-
þroskaður kveðskapur að ofanverðum
tuttugustaldarsíð, yfirborðið lýtalaust,
orðfæri og myndmál úr eldsmiðju arfs
og kunnáttu, yndi fagurkerans. Fengur í
þessari bók, fagur skáldskapur.“

Sigurður Hróarsson, Fréttablaðið




Bjarni Gunnarsson **Blóm handa þabba**

Bjarni Gunnarsson yrkir um hlut-
skipti mannsins, um hlutverk og
ábyrgð í viðsjárverðum heimi þar
sem takast á ást og fegurð, ótti og
ljótleiki, fyrirgefning og sátt.

Blóm handa þabba geyma einlæg
ljóð um hvernig hægt er að leyfa sér
að vera skapandi manneskja.

Glæsileg ljósmyndabók



Friðbjófur Helgason **Akranes – við upphaf nýrrar aldar**

Akranes – við upphaf nýrrar aldar – er viðfang Friðbjófs Helgasonar
ljósmyndara í þessari bók. Allar götur frá unglingsárum hefur Friðbjófur
myndað Akranes og myndavélin er alltaf með í för þegar hann gerir sér
ferð á heimaslóð. Við látum að baki liðna öld og fylgjum Friðbjófi um
Skagann þar sem hann skrásetur með vökulli forvitni það sem fyrir augu
ber.

Í bókinni er fjöldi nýrra og nýlegra mynda frá Akranesi og næsta nágrenni
þess; mannlífi, umhverfi og bæjarbrag allan ársins hring.

Árbókin er ómissandi!



Uppheimar **Árbók Akurnesinga 2007**

Fastir þættir í Árbók Akurnesinga eru ítarlegir og ríkulega myndskreytt-
ir fréttar- og íþróttaráttalir ásamt annál um menningarviðburði og listir.
Birt eru æviágrip og myndir af Akurnesingum sem jarðsungnir eru frá
Akraneskirkju á ári hverju. Í árbókunum eru enn fremur upplýsingasíður
um skóla og helstu stofnanir bæjarins.



www.rettindi.is

www.rettindi.is er vefur um réttindi ungs fólks á vinnumarkaði þar sem er að finna gagnlegar upplýsingar.

Launaseðlar

Öllum launagreiðslum skal fylgja launaseðill. Við hvetjum þig til að skoða hann vel og ef þú telur að launaseðill þinn sé ekki réttur eða þú skilur hann ekki, hafðu þá samband við trúnaðarmann eða stéttarfélag.

Eftirfarandi þarf að koma fram á launaseðli:

- Nafn launamanns og kennitala
- Nafn launagreiðanda og kennitala
- Launatímabil
- Taxti (dagvinna, yfirvinna, bónus)
- Fjöldi vinnustunda
- Orlof
- Lífeyrissjóður
- Viðbótarlífeyrissjóður
- Opinber gjöld
- Persónuafsláttur
- Félagsgjöld
- Samtals laun
- Samtals frádráttur
- Útborguð laun

Geymdu launaseðilinn!

Jafnaðarkaup

„Jafnaðarkaup“ er ekki til í kjarasamningum. Dæmi eru um að atvinnurekandi hafi samið við starfsmenn um greiðslu jafnaðarkaups. Ef þér er sagt að það sé viðhöfð venja hjá fyrirtækinu að greiða fólki jafnaðarkaup þá skalt þú fá forsendur útreikninga og kanna þær vel. Reynsla okkar hjá verkálýðshreyfingunni er sú að forsendur útreikninga eru oft rangar. Það er vel þekkt að ungu fólki sé boðið jafnaðarkaup og síðan vinnur það einungis um kvöld og helgar. Þá tapar launamaðurinn á jafnaðarkaupi.



Greiðslur úr sjúkrasjóði Hafa stóraukist á milli ára

Eins og flestir félagsmenn vita þá hefur núverandi stjórn sjúkrasjóðs stóraukið réttindi félagsmanna í sjúkrasjóði félagsins. Samtals hefur fimm nýjum bótaflokkum verið bætt við síðan í maí í fyrra. Var það gert vegna góðrar afkomu sjóðsins á undanförunum árum og er einn liður í því að bæta réttindi félagsmanna okkar.

Greiðslur úr sjóðnum hafa aukist um 55,2% á milli árunna 2006–2007 en heildargreiðslur frá janúar til október 2006 voru 12.340.268 kr. en á sama tíma

í ár námu greiðslur 19.164.002 krónum. Skýringarinnar á þessari aukningu er fyrst og fremst að rekja til hækkunar á sjúkradagpeningum og þeirra nýju styrkja sem tekin var ákvörðun um á síðasta aðalfundi. Síðast en ekki síst hefur verið unnið markvisst að því að kynna fyrir félagsmönnum þau réttindi sem þeir eiga á greiðslum úr sjóðnum.

Þó svo að greiðslur úr sjúkrasjóði hafi aukist þetta mikið stendur sjóðurinn mjög vel sem byggir á mikilli fjölgun félagsmanna á undanförunum þremur árum.



Í Hraunborgum.

Bústaðir í útleigu í vetur eru í Húsafelli, Svínadal, Hraunborgum, Ölfusborgum og í Stykkishólmi. Helgin kostar 10.000 kr. fyrir félagsmenn og er þá miðað við þrjár nætur, þ.e. frá föstudegi til mánudags. Aukanótt kostar 2.500 kr. og heilar vikur 17.000 kr.

Tekið er við pöntunum á skrifstofu félagsins í alla bústaðina nema í Ölfusborgir. Gert er ráð fyrir að leigutakar gangi frá

www.vlfa.is

Vetrarleiga
orlofshúsa
2007–2008

leigusamningi og greiði leigugjaldið í síðasta lagi þremur dögum fyrir brottför. Lyklar eru afhentir á skrifstofu félagsins, nema í Stykkishólmi þar sem þeir eru afhentir hjá umsjónarmanni gegn framvísun leigusamnings.

Þeir sem vilja fá bústað í Ölfusborgum panta hann hjá Afgreiðslu Ölfusborga í síma 483 4260 og fá nánari upplýsingar þar um fyrirkomulag greiðslu og afhendingu lykla.

Vel heppnuð ferð VFLA

Í sumar bauð Verkalýðsfélag Akraness eldri félagsmönnum sínum ásamt mökum í dagsferð undir dyggri leiðsögn Björns I. Finsen. Þessi ferð er árlegur viðburður í starfsemi félagsins og að þessu sinni var farið um Suðurland.

Það voru 96 félagsmenn sem ásamt þremur fulltrúum félagsins og leiðsögumanni lögðu af stað frá Akranesi í rigningarúða. Ekið var sem leið lá um Hvalfjarðargöng og Kjalarnes inn Mosfellsdal til Þingvalla þar sem áð var stundarkorn. Þar tíndu sumir ber en aðrir nutu útsýnisins.

Frá Þingvöllum var ekið um Lyngdalsheiði að Laugarvatni þar sem snæddur var hádegisverður og síðan ekið að Gullfossi og þaðan í sólina við Geysi. Frá Geysi var farið að Skálholti þar sem sr. Sigurður Sigurðarson vígslubiskup tók á móti hópnnum.

Eftir stans og hressingu á Selfossi var ekið yfir Hellisheiði og hin nýja Hellisheiðarvirkjun skoðuð með leiðsögn áður en haldið var heim á leið í sól og blíðu.

Ferðin þótti heppnast ákaflega vel og kann félagið öllum þeim sem að henni komu hinar bestu þakkir fyrir.



Ingibjörg Óladóttir og Daði Kristjánsson.



Þátttakendur í ferðinni hlýða á kynningu í Hellisheiðarvirkjun.



Anna Magnúsdóttir og Svavar Eliasson við Gullfoss.



Björg, starfsmaður VLFA.



Þórarinn Helgason, stjórnarmaður VLFA, ásamt hluta hópsins við Strokk í Haukadal.



Lilla, Guðmundur, Steinar og Bjarney í Skálholtskirkju.

Annriki í Karphúsinu

Formaður VLFA hefur í nógu að snúast þessa dagana þar sem setnir eru samningafundir daglega í Karphúsinu. Kjaraviðræður eru komnar á fullt skrið og framundan er mikið annriki vegna þeirra. Fundað hefur verið um ýmis atriði vegna almennu kjarasamninganna, sérmál fiskvinnslunnar og iðnaðarins, ræstingar og málefni er lúta að þjónustusviði samningsins. Þrátt fyrir nokkuð stíf fundarhöld síðustu daga þá er ekkert byrjað að ræða um launaliði samningsins og ekki er vitað á þessari stundu hvenær þær viðræður muni hefjast. Vonir standa þó til að það takist ganga frá nýjum kjarasamningi í desember eins og viðræðuáætlun samningsaðila gerir ráð fyrir.



Fulltrúar SGS, þau Aðalsteinn, Anna, Vilhjálmur og Fjólá ræða við fulltrúa SA, þá Arnar og Jón Rúnar í Karphúsinu.

Formaður VLFA varamaður í, miðstjórn ASÍ

Sjöundi ársfundur Alþýðusambands Íslands var haldinn uppúr miðjum október. Fundurinn þótti góður og rík samstaða um að lagfæra þurfi kjör þeirra lægst-launuðu. Samþykkt var ályktun þar sem þess var krafist að ríkisvaldið bæti stöðu þeirra sem eru hvað verst settir á Íslandi. Á ársfundinum var kosið í miðstjórn Alþýðusambandsins og hlaut Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness kosningu sem varamaður í miðstjórn ASÍ.



Frá félagsfundu.

Framboðslisti stjórnar og trúnaðarráðs sjálfkjörinn

Frestur til að skila inn framboðslistum til stjórnarkjörs rann út á hádegi þann 5. nóvember sl. Þar sem ekki búrast aðrir listar en sá sem stjórn og trúnaðarráð lagði fram telst sá listi sjálfkjörinn til næstu tveggja ára.

Nokkrar breytingar hafa orðið á stjórn félagsins. Úr stjórn gengu Auður Ásgeirsdóttir og Hjörtur Júlíusson og eru þeim færðar þakkir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og þátttöku þeirra í þeirri miklu uppbyggingu sem verið hefur á starfsemi þess á undanförunum árum.

Bryndís Ó. Guðjónsdóttir tekur nú sæti varaformanns, ritari stjórnar er Guðmundur Rúnar Davíðsson, vararitari er Þórarinn Helgason og meðstjórnendur eru Júlíus Pétur Ingólfsson og Skúlína Guðmundsdóttir.

Nýr formaður stóriðjudeildar er Oddur Kristinn Guðmundsson. Nýr formaður sjómannadeildar er Jóhann Örn Matthíasson og nýr varaformaður þeirrar deildar er Svavar S. Guðmundsson. Nýr varaformaður almennrar deildar er Tómas Rúnar Andrésson.

Aðalstjórn

Formaður
Varaformaður
Ritari
Vararitari
Meðstjórnandi
Varameðstjórnandi

Vilhjálmur Birgisson
Bryndís Ó. Guðjónsdóttir
Guðmundur R. Davíðsson
Þórarinn Helgason
Júlíus Pétur Ingólfsson
Skúlína Guðmundsdóttir

Formenn deilda

Stóriðjudeild
Almenn deild
Opinber deild
Matvæladeild
Iðnsveinadeild
Sjómanna- og vélstjórad.

Oddur Kristinn Guðmundsson
Eli Halldórsson
Sigríður Sigurðardóttir
Guðrún Linda Helgadóttir
Sigurður Guðjónsson
Jóhann Örn Matthíasson

Varaformenn deilda

Stóriðjudeild
Almenn deild
Opinber deild
Matvæladeild
Iðnsveinadeild
Sjómanna og vélstjórad.

Jón Jónsson
Tómas Rúnar Andrésson
Guðrún Guðbjartsdóttir
Alma M. Jóhannsdóttir
Þórólfur Guðmundsson
Svavar S. Guðmundsson

Gleðileg jól

© 2014 LANDSBANKINN. ALLTÍÐ Á VEGUM OKSAR. 13021 101404



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is